



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Gautur Sturluson, nefndarritari
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2009
Mál nr. 0911012

Efni: Umsögn, gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar Íslands

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun, nr. 6/1996, með síðari breytingum. Tilgreint markmið frumvarpsins er að skýra lagaákvæði um gjaldtöku Siglingastofnunar með þeim hætti að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald fyrir.

Lagaákvæði gjaldskráa byggja almennt á því að óheimilt sé að innheimta herra gjald en raunkostnað við veitta þjónustu. Nauðsynlegt er að tryggja að opinberum aðilum sé ekki gefið sjálfðæmi um þann kostnað sem þeir leggja til grundvallar, en reynslan hefur sýnt að það er lítið sem ekkert sem kemur í veg fyrir að opinberir aðilar auki við þennan kostnað með einhliða hætti og færi hann yfir á atvinnulífið. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þegar þeim eru gefnar ríkar gjaldtökuheimildir. Sem dæmi má nefna að við ákvörðun gjaldskrár skv. matvælafrumvarpinu [mál. 17, þskj. 17] er tryggt að opinberum aðilum er veitt tiltekið aðhald við ákvörðun þjónustugjalda.

- Lagt er til að við ákvörðun gjalda skv. gjaldskrá Siglingastofnunar, skuli stofnunin afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur gjaldskrár með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara.

Gjaldtökuheimildir stofnunarinnar liggja fyrir með skýrum hætti í 5. mgr. og 6. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1996. Þar segir í 6. mgr. 3. gr. að gjaldskrá skuli taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skuli gjaldtaka ekki vera meiri en nemur þeim kostnaði. Núverandi lagaheimildir eru skýrar, en vandi flestra opinberra aðila við ákvörðun þjónustugjalda er að rökstyðja þann kostnað sem af hlýst.

- Staðfesting ákvæðis frumvarpsins um að allur kostnaður skuli kostnaðargreindur ætti að gera stofnuninni auðveldara um vik að rökstyðja þann kostnað sem hlýst af veitingu tiltekinna þjónustu og þar með lögmæti ákvarðaðs gjalds.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson, hdl.